



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## VIÐTAL VIÐ FORSETA ÍSLANDS Í FOREIGN AFFAIRS

Í nýjasta hefti bandaríska tímaritsins Foreign Affairs, sem er einn helsti vettvangur umræðu um alþjóðamál í Bandaríkjunum, er birt ítarlegt viðtal við forseta Íslands Ólaf Ragnar Grímsson sem aðalritstjóri tímaritsins Stuart Reid tók á Bessastöðum.

Í viðtalinu er fjallað um stöðu Íslands og framtíð Norðurslóða, fjármálakreppuna og lærdómana af henni, aðgerðir ríkisstjórnar Gordons Browns, WikiLeaks og áhrif upplýsingabyltingarinnar á stjórnarmál og samfélög, samspil lýðræðis og markaða, réttindi samkynhneigðra og menningu og nýsköpun á Íslandi.

Viðtalið má einnig nálgast á vefslóðinni  
<http://www.foreignaffairs.com/discussions/interviews/icelands-saga>.

Foreign Affairs tímaritið er gefið út af Council on Foreign Relations sem er helsta stofnun og rannsóknamiðstöð í Bandaríkjunum á sviði utanríkismála og alþjóðaþróunar.

*18. desember 2013*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson  
skrifstofustjóri (820 4946).*